



HEIMSMARKMIÐA BOOTCAMP SMÍÐJUR

LOKASKÝRSLA

GRUNNSKÓLAR MÚLAÞINGS
SPROTASJÓÐSVERKEFNI 2020-2021



Múlaþing

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Skipulag þróunarvinnu og ábyrgð þátttakenda	5
Netfundir – vinnufundir	5
Framkvæmd smiðja	7
Skrefin í endanlegu framkvæmdinni	7
Þátttakendur í smiðjunum	9
Mat á verkefninu	10
Mat nemenda	10
Mat kennara	15
Önnur reynsla kennara af smiðjuvinnunni	17
Samantekt	17
Lokaorð	18

Inngangur

Sótt var um styrk til þess að þróa og framkvæma heimsmarkmiða BOOTCAMP smiðjur fyrir nemendahópa á unglिंगastigi í 6 skólum í Múlaþingi, nýjasta sveitarfélagi landsins.

Upphaflega var sótt um styrk til þess að framkvæma eina smiðju í hverjum skóla og bjóða þangað nemendum hinna skólanna ásamt kennurum. Hver smiðja átti að fjalla um eitt af eftirtöldum heimsmarkmiðum:

3. Heilsa og vellíðan.

Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.

4. Menntun fyrir alla.

Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi

11. Sjálfbærar borgir og samfélög.

Gera borgir og íbúðarsvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær.

12. Ábyrg neysla og framleiðsla.

Stuðla að því að sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð.

13. Aðgerðir í loftlagsmálum.

Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

Loka BOOTCAMP smiðjan átti að vera samantekt hinna smiðjanna og lokahnykkur í verkefninu, þar sem veita átti verðlaun fyrir bestu hugmyndirnar.

Upphaflega átti að fá aðila úr nærsamfélagi til að mæta í allar smiðjurnar til að taka þátt í umræðum og velja bestu verkefni. Einnig til að vekja athygli á metnaðarfullri vinnu innan skólanna.

Hópur kennara frá öllum skólunum tók að sér að móta heimsmarkmiða BOOTCAMP smiðjurnar og halda utan um skipulag og framkvæmd.

Hver smiðja átti að taka heilan kennsludag auk ferða til og frá skólum innan sveitarfélagsins. Bjóða átti upp á mat yfir daginn fyrir þátttakendur og lokapartý eftir hvert BOOTCAMP.

Verkþættirnir í þróunarvinnunni:

- Þróun heimsmarkmiða BOOTCAMP smiðja.
- Tengja námslegt innihald við hæfnviðmið og lykilhæfni í aðalnámskrá grunnskóla.
- Móta matsaðferðir og viðmið.¹
- Handbók fyrir þá sem stýra smiðjunum.²
- Framkvæma sex smiðjur á tímabilinu.
- Mat á árangri.
- Skrif lokaskýrslu.

Á mynd 1 má sjá flæðið í verkefninu en sumt var þróað samhliða og því ekki um línulegan framgang að ræða.

¹ Sjá fylgiskjöl með lokaskýrslu

² Sjá fylgiskjal með lokaskýrslu



Hvað er BOOTCAMP smiðja?

Talað er um BOOTCAMP þegar hópur fólks kemur saman í stuttan tíma til að takast á við krefjandi verkefni til að leysa. Þar reynir á samvinnu, útsjónarsemi og úthald.

Heimsmarkmiða „BOOTCAMP“ á að leiða ungt fólk í gegnum ferli skapandi hugsunar og lausnaleitar í hugmyndavinnu tengdri heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Markmiðið er að nemendur fái tæifæri til þess að koma með hugmyndir um hvernig alþjóðasamfélagið, þeirra nærsamfélag og þau sjálf geti lagt sitt af mörkum til að vinna að þeim heimsmarkmiðum sem tekin eru til umfjöllunar í hverju Heimsmarkmiða “Bootcamp”-i.

Verklag nemenda í smiðjunum var á þessa leið.

1. Rannsókn á því hvað felst í umræddu heimsmarkmiði og völdum undirmarkmiðum þess.
2. Greina hvernig heimsmarkmiðið tengist alþjóðavettvangi og nærsamfélagi.
3. Greining á því hvert vandamálið er sem þarf að leysa, eða hvað það er sem þarf að efla eða þróa.
4. Mótun hugmynda að lausnum.
5. Kynning á hugmyndum.
6. Gera drög að áætlun um hvernig þau ætla að vinna í sínu samfélagi til að uppfylla heimsmarkmiðið. Þetta skref er tekið innan skólana eftir smiðjurnar.




Væntur árangur verkefnis

Utan þeirra afurða sem urðu til í verkefninu þá var þess vænst að verkefnið gæti ýtt undir samstarf skólanna í nýju sveitarfélagi. Að nemendur og kennarar fengju tækifæri til að víkka sjóndeildarhringinn og síðast en ekki síst að efla hæfni nemenda í nýskapandi hugsun í tengslum við raunveruleg verkefni tengd heimsmarkmiðunum og gefa þeim tækifæri til þess að stunda félagslíf með jafnöldrum.

Þróun stuðningsgagna

Þróunarhópurinn bjó til ýmis stuðningsgögn sem hér eru listuð upp. Þróunarhópurinn setti saman:

- Handbók fyrir kennara.
- Leiðbeiningar fyrir nemendur.
- Sjálfsmat lykilhæfni.
- Jafningjamat.
- Matskvarða til að meta hæfniviðmið.
- Eyðublað fyrir endurgjöf til nemenda eftir kynningar á hugmyndum.
- Áætlun um aðgerðir í heimabyggð.
- Sniðmát fyrir framsetningu hugmynda.



Skipulag þróunarvinnu og ábyrgð þátttakenda

Í upphafi verkefnisins voru skilgreind hlutverk og ábyrgð þátttakenda innan skólasamfélagsins.

Hlutverk kennara í þróunarhópi

- Að mæta á netfundi og taka virkan þátt í vinnunni sem fram fer í hópnum.
- Að koma með tillögur og hugmyndir inn í verkefnið.
- Að kynna stöðu verkefnisins á kennara- og/eða starfsmannafundum í samvinnu við skólastjórnendur.
- Að fara með nemendum á milli skóla þegar smiðjurnar verða haldnar.
- Að vera styðjandi í smiðjuvinnunni, halda utan um samhringing í upphafi og láta nemendur fylla út matsblöð í lok smiðju. Hér er ekki gert ráð fyrir að kennarar séu að kenna eða vera með innlögn.
- Að taka á móti nemendum og kennurum úr hinum skólunum í samvinnu við skólastjórnendur.

Hlutverk stjórnenda í hverjum skóla

- Að kynna verkefnið vel inni í sínum skólum.
- Að gefa kennurum svigrúm til þess að mæta á netfundi 1 sinni til tvisvar í mánuði í 1-2 tíma í senn.
- Að skipuleggja ferðir nemenda og kennara í smiðjur í öðrum skólum.
- Að taka á móti nemendum og kennurum úr hinum skólunum í samvinnu við kennara í þróunarhópi.
- Að finna einstaklinga úr nærsamfélagi til þess að koma og hlusta á hugmyndir nemenda í þeirri smiðju sem er í þeirra heimaskóla. Unnið í samvinnu við kennara í þróunarhópi.

Hlutverk verkefnastjóra

- Að halda skólastjórnendum og fræðslustjóra upplýstum.
- Að halda utan um alla vinnu þróunarhóps.
- Að finna gestafyrirlesara.
- Að ritstýra efni sem hópurinn þróar.
- Að skrifa lokaskýrslu verkefnisins.

Hlutverk fræðslustjóra

- Að halda utan um fjármálin.
- Að styðja við stjórnendur í þeirra hlutverki.
- Að vera í góðu samtali við verkefnisstjóra.

Netfundir – vinnufundir

Netfundir voru vinnufundir og ekki var gert ráð fyrir því að kennarar þyrftu að vinna mikið á milli funda í verkefninu. Tveir gestafyrirlesarar komu á fundi til að vikka sjóndeildarhringinginn í vinnunni; Rósa Gunnarsdóttir Phd í kennslufræði nýsköpunar og Guðrún Schmidt, sérfræðingur í menntun til sjálfbærni hjá Landvernd. Allir fundir fóru fram á TEAMS og þróunarhópurinn hittist ekkert utan þeirra funda. Gögn voru vistuð miðlægt og öllum aðgengileg, bæði skólastjórnendum og kennurum í þróunarhópnum.

Lagt var upp með að þróunarhópurinn myndi hittast á átta vinnufundum. En raunin varð sú að fundirnir urðu 15 talsins auk funda með skólastjórnendum og fræðslustjóra.

Ástæðan fyrir auknum fjölda funda er sú að ítrekað þurfti að aðlaga verkefnið að aðstæðum í samfélaginu. Þrisvar sinnum var búið að undirbúa smiðjurnar, skipuleggja hópa og undirbúa ferðalög á milli staða en ekki var mögulegt að nýta þá vinnu. Í hvert sinn sem búið var að ákveða smiðjudaga þá þurfti að fella þá niður.



Framkvæmd smiðja

Egilsstaðaskóli framkvæmdi eina smiðju í maí 2021 með nemendum í 10. bekk til að prufa efnið og aðferðirnar. Á þeim tíma var vonast til að hægt væri að framkvæma verkefnið með því sniði sem lagt var af stað með í upphafi verkefnis. En Heimsmarkmiða smiðjurnar voru framkvæmdar með nokkuð öðru sniði en áætlað var.

Eftir að hafa skipulagt þrjár útfærslur á framkvæmd sem þurfti að hætta við vegna Covid – 19 var eftirfarandi ákveðið og framkvæmt:

- Í stað þess að nemendur ferðuðust á milli skóla með kennurum fór verkefnastjóri á milli skóla og framkvæmdi smiðjurnar með kennurum í hverjum skóla fyrir sig.
- Undirbúningur smiðjanna fór fram í gegnum tölvupóst, netfundi og stutta fundi að morgni dags í hverjum skóla. Allir kennarar sem komu að handleiðslu í smiðjunum höfðu fengið tíma til að lesa handbókina og leiðbeiningar fyrir nemendur ásamt öðrum gögnum sem lágu til grundvallar vinnunni.
- Í stað þess að fá aðila úr samfélaginu inn í skólana var brugðið á það ráð að setja saman dómnefnd sem gat horft á myndbönd með kynningum bestu hugmynda og valið þrjár bestu hugmyndirnar. Í dómnefndinni sátu:
 - Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlapings.
 - Guðrún Schmidt hjá Landvernd, formaður dómnefndar
 - Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, Austurbrú
- Í stað þess að skipuleggja sameiginlega lokahátíð var unnið í samstarfi við félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins sem sáu um að skipuleggja litla uppskeruhátíð á hverju svæði fyrir sig þar sem nemendur á unglíngastigi í Múlapingi fengu allir að heyra á sama tíma hvaða hugmyndir hlutu þann heiður að vera þrjár bestu hugmyndirnar.

Skrefin í endanlegu framkvæmdinni

1. Nemendur fengu kynningarmyndband um tilgang og framkvæmd smiðjanna sem spilað var í vikunni áður en smiðjur hófust.
2. Verkefnastjóri íþróttá- og æskulýðsmála hjá Múlapingi sendi nemendum einnig myndbandsskilaboð og hvatti þau til góðra verka.
3. Nemendur fylltu út sjálfsmat³ á lykilhæfni og skiluðu til kennara í sínum skóla daginn fyrir smiðjudag.
4. Nemendum var skipt í hópa innan hvers skóla þvert á árganga.
5. Nemendur fengu að velja sér heimsmarkmið til að vinna með áður en smiðjur hófust.
6. Á smiðjudaginn sjálfan unnu nemendur sjálfstætt en eftir leiðbeiningum að verkefninu.
7. Nemendur bjuggu til kynningu á sínum hugmyndum.
8. Valin voru 2-4 verkefni úr hverjum skóla sem komust áfram í keppni um þrjár bestu hugmyndirnar. Notast var við matsblað⁴ við mat á hugmyndum. Kynningar á bestu hugmyndum í hverjum skóla voru teknar upp á myndband. Í Egilsstaðaskóla þar sem nemendafjöldinn var yfir 100 var ákveðið að taka allar kynningar upp á myndband og velja 4 bestu verkefni út frá þeim. Þetta var gert vegna þess að ekki var hægt að hlusta á allar kynningarnar á einum degi og nemendur voru í minni hópum vegna sóttvarnaraðgerða.
9. Hluti nemenda fyllti út rafrænt mat á upplifun sinni af smiðjuvinnunni.

³ Sjá fylgiskjal með lokaskýrslu

⁴ Sjá fylgiskjal með lokaskýrslu

10. Sumir nemendur fylltu aftur út sjálfsmat á lykilhæfni eftir smiðjurnar. Tilgangurinn með tvöföldu mati á lykilhæfni var að gefa kennurum tækifæri til að skoða matið með nemendum fyrir og eftir smiðju.
11. Tólf hugmyndir voru sendar til dómnefndar sem skipuð var þremur fulltrúum úr nærsamfélagi. Dómnefndin hafði matsblað⁵ til hliðsjónar við mat sitt á hugmyndum.
12. Dómnefndin tók upp myndband þar sem hún kynnti niðurstöður sínar varðandi þrjár bestu hugmyndirnar.
13. Þann 10. desember var sameiginleg útsending í félagsmiðstöðvum og skólum Múlapings þar sem nemendur fengu að horfa á niðurstöður dómnefndar, kynningar bestu hugmynda og hlusta á tónlistarmann spila nokkur lög.
14. Janúar 2022 var verðlaunaafhending innan skólanna. Þrjú fyrirtæki í Múlapingi gáfu verðlaunafé sem rann til nemendafélaga þeirra skóla sem áttu bestu hugmyndirnar. Þessi fyrirtæki eru Búlandstindur á Djúpavogi, Héraðsprent á Egilsstöðum og ÞS verktakar á Egilsstöðum.
15. Aðgerðir í heimabyggð⁶ er verkefni sem skólarnir geta nýtt í framhaldi af heimsmarkmiða smiðjunum. Þar setja nemendur upp aðgerðir til að vinna að heimsmarkmiðunum út frá hugmyndum sínum og velja þá sem þurfa að vera í samstarfi og eða bera ábyrgð á aðgerðunum.

Smiðjurnar fóru fram á eftirtöldum dögum.

- 29. nóvember – Smiðja í Djúpavogsskóla
- 30. nóvember – Smiðja í Seyðisfjarðarskóla
- 1. desember – Smiðja í Fellaskóla ásamt nemendum Brúarásskóla og frá Borgarfirði eystra.
- 2. desember – Smiðja í Egilsstaðaskóla



⁵ Sjá fylgiskjal með lokaskýrslu

⁶ Sjá fylgiskjal með lokaskýrslu

Þátttakendur í smiðjunum

Nemendur á unglíngastigi í grunnskólum Múlaþings tóku þátt í smiðjunum ásamt kennurum sem voru í handleiðsluhlutverki. Samtals voru 205 nemendur skráðir til leiks og um 20 kennarar, auk starfsfólks án kennsluskyldu sem komu að handleiðslunni með einum eða öðrum hætti.

Ekki var hægt að blanda nemendum saman á milli skóla né senda kennara á milli skóla. Nemendur í Brúarásskóla og á Borgarfirði eystra unnu með nemendum í Fellaskóla en á milli þessara skóla er hefð fyrir góðu samstarfi.

Hér má sjá fjölda nemenda á unglíngastigi í hverjum skóla fyrir sig.

Þátttökuskólar	
	Fjöldi nemenda
Brúarásskóli	9
Djúpavogsskóli	29
Egilsstaðaskóli	111
Fellaskóli	33
Gr.sk. Borgarfjarðar eystri	1
Seyðisfjarðarskóli	22
Fjöldi nemenda	205

Mat á verkefninu

Vegna þess að verkefnið fór yfir á annað skólaár þá missti verkefnið nokkra kennara úr þróunarhópnum. Það hafði þau áhrif að í tveimur skólum tóku kennarar þátt sem ekki höfðu verið með í þróunarferlinu og það jók áskorunina fyrir þá og dró úr notkun á námsmatskvörðum og þátttöku í rafrænu mati bæði kennara og nemenda að loknum smiðjum.


Til stóð að halda námskeið fyrir þá kennara sem áttu að koma að smiðjunum og tvisvar var búið að setja niður námskeiðsdag en í bæði skiptin þurfti að fella námskeiðið niður vegna sóttvarnaraðgerða.

Kennarar allra skólanna voru mjög tilbúnir til þátttöku en aðstæður og ónæg þjálfun til að halda utan um smiðjuna hafði neikvæð áhrif í sumum skólum. Betra hefði verið að geta haldið námskeið fyrir kennara áður en smiðjurnar voru framkvæmdar og óneitanlega hafði Covid – 19 áhrif á alla framkvæmd.

Mat nemenda

Samtals 31 nemandi svaraði rafrænni könnun í lok heimsmarkmiða smiðja, annar hópurinn svaraði vorið 2021 og hinn hópurinn í desember 2022. Kennarar sem tóku þátt í framkvæmd smiðjanna voru beðnir um að leggja könnunina rafrænt fyrir nemendur eða með því að prenta út svarblöð og skila inn svörum á blaði. Þessi framkvæmd vafðist fyrir einhverjum og þátttakan í könnuninni því mjög dræm.



Í svörum nemenda bæði frá því í tilraunasmiðjunni vorið 2021 og smiðjunum sem framkvæmdar voru í lok árs 2021 kemur fram að í lok smiðjudags er hugarfar nemenda til verkefnisins örlítið jákvæðara en í upphafi dags.




Í svörum nemenda kemur fram að þeim fannst kynningin á því sem þeir áttu að gera vera góð og vísbendingar eru um að smiðjan sé mátulega löng þó að margir svari því til hvorki né sem bendir til þess að nemendur séu ekki alveg vissir. Mikill meirihluti nemenda segir hópinn hafa klárað allt verkefnið í smiðjunni sem bendir til þess að smiðjutíminn hafi verið nægur.

Mikill meirihluti nemenda taldi leiðbeiningar fyrir nemendur góðar og að hópurnir hafi fengið stuðning frá kennurum. Nemendur töldu einnig að þeir höfðu unnið sjálfstætt að verkefnum. Þegar spurt er um hvort að nemendur hafi lært eitthvað nýtt um heimsmarkmiðin þá skiptast svörin mjög þar sem 12 segjast vera sammála eða mjög sammála, 12 segjast vera ósammála eða mjög ósammála og 7 segja hvorki né. Svipaða sögu má segja þegar nemendur meta hvort þeir kunni betur að vinna í hóp eftir smiðjurnar. Mikill meirihluti nemenda var á þeirri skoðun að hafa lagt sitt af mörkum í vinnunni, aðeins 6 nemendur sögðust vera ósammála því. Meirihlutinn var líka sammála eða mjög sammála því að gott hafi verið að gera jafningjamat. Varðandi sjálfsmat á lykilhæfni þá eru flestir á þeirri skoðun að það hafi verið gott.


Hér eru svör nemenda látin fylgja með og myndirnar tala sínu máli.




3. Hópurinn náði að klára allt verkefnið í smiðjunni.






4. Leiðbeiningarnar fyrir nemendur voru góðar.




5. Hópurinn fékk stuðning frá kennurum.







9. Ég lagði mitt að mörkum í vinnunni.




10. Það var gott að gera jafningjamat í hópnum.



11. Það var gott að meta lykilhæfnina mína fyrir og eftir smiðju.





Á heildina litið má sjá að skoðun nemenda á því hversu skemmtileg heimsmarkmiða smiðjan var skiptist nokkuð jafnt og töluverður hluti svarenda segir hvorki né.

Nokkrir nemendur svöruðu opinni spurningu þar sem þeir fengu tækifæri til að bæta einhverju við. Þar kemur fram að sumum fannst verkefnið tímasóun á meðan aðrir voru ánægðir með verkefnið og höfðu gaman af.

Mat kennara

Í lok heimsmarkmiða smiðjanna voru kennarar beðnir að fylla út rafræna könnun, aðeins 8 svör bárust sem telst um 40% þátttaka. Þess ber að geta að könnunin var lögð fyrir á annasömum tíma í skólastarfinu og mikil mannekla í sumum skólum. Aðeins var sendur einn ítrekunarpóstur á kennara.

1. Hvernig var þitt hugarfar gagnvart verkefningu í byrjun dags?

[More Details](#)

● Mjög jákvætt	3
● Jákvætt	2
● Hvorki né	3
● Neikvætt	0
● Mjög neikvætt	0



Svör kennara sýna að hugarfar 63% var jákvætt eða mjög jákvætt í byrjun dagsins. 76% þeirra töldu sig hafa fengið góða kynningu á því sem þeir áttu að gera í smiðjunum.

2. Kynningin á því sem við áttum að gera í smiðjunum var góð.

[More Details](#)

● Mjög sammála	1
● Sammála	5
● Hvorki né	1
● Ósammála	1
● Mjög ósammála	0




Meirihluti kennara sem tók þátt var sammála eða mjög sammála því að heimsmarkmiða smiðjan væri mátulega löng eða 65%. Kennarar voru líka sammála eða mjög sammála því að flestir hóparnir hefðu náð að klára verkefni sín eða 87,5% þeirra. Varðandi leiðbeiningar fyrir nemendur voru 87,5% sammála því að þær væru góðar. Sama hlutfall var sammála eða mjög sammála því að handbók fyrir kennara nýttist vel eða 87,5%. Þegar kennarar voru spurðir að því hvort að þeir hefðu lært eitthvað nýtt um heimsmarkmiðin sem nemendur unnu með voru 62,5% sammála eða mjög sammála því. 62,5% kennara sem tóku þátt sögðust hafa getað stutt við nemendur án þess að stýra þeim um of. Þegar spurt er um hvort að matsblað kennara passi við það mat sem þarf að fara fram eru 62,5% sem eru sammála því og 37,5% sem segja hvorki né. Það eru skiptari skoðanir á því hversu gott það var að láta nemendur meta lykilhæfni sína fyrir og eftir smiðjur en þar eru 62,5% sammála, 25% segja hvorki né og 12,5% eru ósammála. Þegar spurt er um jafningjamatið þá segjast 37,5% vera sammála því að það hafi nýst vel en 62,5% eru ósammála því. 62,5% segja heimsmarkmiða smiðjuna vel heppnaða á heildina litið 25% segja hvorki né og 12,5% segjast vera ósammála því.

Þegar spurt er um hugarfar kennara gagnvart verkefninu í lok dags eru 88% sem segjast hafa jákvætt eða mjög jákvætt hugarfar og 13% segjast hafa neikvætt hugarfar í lok dags.

4. Hvernig var þitt hugarfar gagnvart verkefninu í lok dags?

[More Details](#)

● Mjög jákvætt	3
● Jákvætt	4
● Hvorki né	0
● Neikvætt	1
● Mjög neikvætt	0



Kennarar bættu því við í opnum spurningum að gott hefði verið að fá námskeiðið sem átti að bjóða uppá í undirbúningnum og einnig hefði verið gott að hafa auka TEAMS fund með þeim kennurum sem ekkert komu að þróunarstarfinu en tóku þátt í smiðjuveginum í sínum skóla. Það hefði því mátt undirbúa þá kennara betur sem ekki höfðu áður tekið þátt í verkefninu og voru að detta inn í það á síðustu metrunum.

Önnur reynsla kennara af smiðjuvinnunni

Í samtali við kennara á meðan smiðjunum stóð og eftir smiðjur á hverjum stað komu upp hugrenningar um eftirtalda þætti:

- Leiðbeiningar fyrir nemendur reyndust vera of ýtarlegar og það var áberandi hvað margir hópar slepptu einstaklingsvinnunni sem fléttast inn í hópavinnuna, hoppuðu yfir þau skref og unnu alltaf sem hópur. Það voru þó hópar sem nýttu sér vel það flæði sem sett er upp í leiðbeiningum fyrir nemendur.
- Kennarar höfðu orð á því að aðferðafræðin við framkvæmdina væri spennandi og að þeir hefðu komið auga á spennandi leið í kennslu sem mætti yfirfæra á annars konar verkefni.
- Einhverjir kennarar vilja setja heimsmarkmiðin skýrar inn í nám nemenda og horfa til þess að nota útfærslu af heimsmarkmiða smiðjunum í framtíðinni.
- Einnig var minnst á það að nemendur þurfi meiri þjálfun í vinnubrögðum eins og kynnt eru til sögunnar í heimsmarkmiða bootcamp smiðjunum. En að þær henti samt ekki öllum nemendum.

Samantekt

Það endurspeglast í mati á verkefninu að heilt yfir tókst verkefnið vel þrátt fyrir áskoranir í framkvæmdinni og breytingar varðandi félagslega þáttinn sem átti að vera hluti af smiðjuvinnunni. Þó eru þættir sem hefðu mátt betur fara eins og undirbúningur þeirra kennara sem ekki höfðu verið með í þróunarhópnum, einnig hefði mátt nýta betur námsmátið og vinna með lykilhæfnina hefði mátt vera skýrari í verkefninu.

Það sem stendur upp úr er að handbók kennara og leiðbeiningar fyrir nemendur gagnast vel og nemendur eru hrifnari af jafningjamatinu en kennarar. Einnig er það ánægjulegt að kennarar sáu tækifæri í því að nota aðferðafræðina og skipulagið í annarri kennslu hvort sem hún er tengd heimsmarkmiðum, sjálfbærni eða öðrum þáttum. Það er líka ánægjulegt að 63% kennara telja sig hafa lært eitthvað nýtt um heimsmarkmiðin í smiðjuvinnunni.

Það sem segir kannski mest um hve vel tókst til er að nemendur eru örlítið jákvæðari í garð heimsmarkmiða smiðjanna í lok dags en í upphafi dags.

Lokaorð

Verkefnið sem lagt var upp með í upphafi tók miklum breytingum á tímabilinu vegna COVID – 19 faraldursins og það kallaði á sífellda endurskoðun á framkvæmdinni. Það fór mikill tími í að endurskipuleggja framkvæmd með sex grunnskólum, mönnun, rútufurðum og skipuleggja ýmsa verkþætti og tryggja öryggi nemenda og því fór sá verkþáttur fram úr áætlunum varðandi fjölda vinnustunda. Vinnufundum fjölgaði um rúmlega helming og fundir skólastjórnenda urðu fleiri en áætlað var.

Þróunarhópurinn sýndi seiglu og hæfni til að bregðast við aðstæðum og skapa nýjar leiðir til að framkvæma smiðjurnar og liggja fyrir mörg drög að framkvæmdinni.

Það er mat þeirra sem komu að verkefninu að þau gögn sem þróuð voru, handbók fyrir kennara, leiðbeiningar fyrir nemendur, matskvarði og matsblöð, sjálfsmat og jafningjamat, ásamt sniðmáti fyrir hugmyndvinnuna muni nýtast skólum Múlaþings og hægt er að yfirfæra aðferðafræðina á annarskonar verkefni og greinar. Innan skólanna er vilji til þess að gera heimsmarkmiða bootcamp smiðjur að reglulegum viðburði í Múlaþingi til að gefa nemendum tækifæri til þess að koma með hugmyndir um hvernig alþjóðasamfélagið, þeirra nærsamfélag og þau sjálf geti lagt sitt af mörkum til að vinna að heimsmarkmiðunum með nýskapandi hætti. Ennþá hafa skólarnir tækifæri til að vinna aðgerðaáætlun með nemendum fyrir sitt nærsamfélag; áætlun sem byggir á hugmyndum nemenda sjálfra.

Það er mat verkefnastjóra og fræðslustjóra að vel hafi tekist til við að halda glæðunum í verkefninu þrátt fyrir áskoranir tengdar heimsfaraldri og sóttvarnaaðgerðir. Það að þróunarhópurinn hittist aldrei í sama rými á þróunartímanum sýnir að vel er hægt að vinna að skólaþróun með góðu skipulagi í gegnum fjarfundi.

Þetta verkefni skilur eftir þann lærdóm að grunnskólarnir í Múlaþingi geta tekist á við skólaþróun og samstarf með skipulögðum hætti þrátt fyrir töluverðar vegalengdir á milli skóla í sveitarfélaginu.